



11. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn í fundarherbergi Skóla- og velferðarþjónustu í Hveragerði þriðjudaginn 22. september 2015 kl 16.00. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Harpa Dís Harðardóttir, Helena Helgadóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Sigurbára Rúnarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.

- Lagt fram til kynningar tölulegar upplýsingar Velferðarþjónustu 2014.**
- Fjárhagsáætlun 2015, lagt fram 8 mánaða uppgjör.** Í ljósi niðurstaðna uppgjörs er varðar fjárhagsaðstoð felur nefndin forstöðumanni að vinna að endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð með frekari virkniúrræði í huga.
- Lögð fram til kynningar skýrsla um könnun á framgöngu sameiginlegra markmiða skóla- og skólaþjónustu 2014-2017.**
- Lögð fram til kynningar skýrsla um könnun á líðan og heilbrigði nemenda í 5. bekk í grunnskólum Árneshings 2015.** Nefndin tekur undir niðurstöður skýrslunnar og leggur áherslu á að unnið verði með líðan nemenda í frímínútum og kennslustundum eins og lagt er til í lokaorðum skýrslunnar.
- ART verkefnið á Suðurlandi.**  
Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra áætlana ríkisstjórnar um að leggja niður ART verkefnið á Suðurlandi. „ART er vel afmörkuð og árangursrik aðferð sem byggir á félagsfærni, sjálfstjórn og siðferði og miðar að því að draga úr erfiðri hegðun hjá börnum og ungu fólki, ART hjálpar öllum að eiga árangursrik samskipti og þekkja tilfinningar sínar. Rannsóknir sýna að með því að vinna markvisst og samhliða með félagsfærni, sjálfstjórnun og siðferðisþroska er hægt að hjálpa börnum og fullorðnum að bæta samskipti.“ <http://www.sass.is/art/um-art/>  
  
Nefndin leggur áherslu á að sveitarstjórnir svæðisins standi vörð um verkefnið.
- Trúnaðarmál.** 2 mál skráð í trúnaðarmálabók.


Fundi slitið kl 18.30


  
Bryndís Böðvarsdóttir, formaður

  
Helena Helgadóttir

  
Sigurbára Rúnarsdóttir

  
Harpa Dís Harðardóttir

  
Hörður Óli Guðmundsson

  
Unnur Þormóðsdóttir

Bjarney Vignisd.  
Bjarney Vignisdóttir

María Kristjánsdóttir  
María Kristjánsdóttir